

## Dagskrá stjórnarfundar nr. 8

23. janúar 2013 kl. 17:00 á skrifstofu HRFÍ

**Mættir: Jóna Th. Viðarsdóttir, Anna María Flygenring, Björn Ólafsson, Delía Kristín Howser, Ólafur E. Jóhannsson, og varamennirnir Guðmundur A. Guðmundsson og Auður Sif Sigurgeirsdóttir.**

### 1. Nýr framkvæmdastjóri HRFÍ.

Eftir umsögn ráðningarfyrirtækisins Capacent var Fríður Esther Pétursdóttir ráðin framkvæmdastjóri HRFÍ. Hún hóf störf þann 2. janúar sl.

Ráðningarsamningur lagður fram og samþykktur.

Prókúra á bankareikning og kreditkort, stjórn skrifaði undir umboð til handa framkvæmdarstjóra.

### 2. Vel heppnuð uppskeruhátíð HRFÍ 4. janúar 2013 í félagsheimili Fáks.

Stigahæstur ræktendur HRFÍ árið 2012 voru heiðraðir:

1. Hálsakotsræktun - Ásta María Guðbergsdóttir með 45 stig

2. Heimsendaræktun - Lára Birgisdóttir/Björn Ólafsson með 44 stig

3. Miðnæturæktun - Stefán Arnarson með 37 stig.

Stigahæsti ræktandinn fékk afhentan farandbikar, sem HRFÍ gaf til varðveislu næsta árið.

Þessir stigahæstu ræktendur fengu til eignar viðurkenningarskjöld frá HRFÍ og blómvönd frá Garðheimum.

Eitthundrað félagar keyptu miða á hátíðina og nokkrir létu sjá sig eftir matinn.

Björn Ólafsson stjórnarmeðlimur ásamt eiginkonu sinni, Láru Birgisdóttur, sá um veitingarnar og skreytingu á hlaðborði. Stjórnarmenn HRFÍ sáu um aðra skipulagningu. Lifandi tónlist var flutt af Hirti Howser undir matnum og fram eftir kvöldi, en þá tók við diskótek.

Happdrættismiðasala gekk vel enda flottir vinningar í boði.

Þeim sem gáfu happdrættisvinninga eru færðar bestu þakkir fyrir.

Bókun Björns Ólafssonar: Heildarkostnaður í mat var 770 kr á hvern einstakling.

### 3. Ritara/hringstjórnámskeið

Ritara/hringstjórnámskeið var haldið laugardaginn 20. janúar á skrifstofu HRFÍ. Námskeiðið var fyrir þá sem hafa áhuga á að verða hringstjórar eða eingöngu ritarar á sýningum HRFÍ.

Upprifjunarnámskeið verður fyrir áhugasama laugardaginn 26. janúar og stefnt er að því að halda hringstjórapróf í framhaldi af námskeiðunum 29. janúar.

Þosteinn Thorsteinsson sá um námskeiðið og verður hann svo með upprifjun næsta laugardag og undirbúning fyrir próf á þriðjudag. Sjö aðilar voru skráðir á námskeiðið en fjórir mættu.

### 4. Til hamingju með hvolpinn

DVD diskur gefinn út af HRFÍ og VÍS með leyfi SKK er kominn í hús. Diskurinn er nú þegar sendur með nýjum ættbókum.

### 5. Grundvallarreglur HRFÍ

Endurskoðun á grundvallareglum frá Guðmundi A. Guðmundsyni. Stjórn er sammála um tillögur Guðmundar, Jóna ætlar að hreinskrifa og fá lögfræðialít á lið 1.3

### 6. Reglugerð HRFÍ um menntun sýningadómara.

Regluverkið yfirfarið, þarf að breyta orðalagi á nokkrum stöðum. Í athugasemd 1 var stjórn sammála um að taka út aldurstakmark og bæta við í 10.lið að fylgja þurfi rökstuðningur með erindi dómara nefndar.

### 7. Umsókn um deildarsýningu frá Fjár- og hjarðhundadeild.

Samþykkt

### 8. Tvö erindi frá stjórn Retrieverdeildar HRFÍ með töluvpósti 18. janúar 2013.

#### • Skráning veiðiprófsárangurs í gagnagrunn HRFÍ

Stjórn Retrieverdeildar hvetur stjórn HRFÍ að gera vinnu hunda jafnhátt undir höfði og árangri á sýningum og skrá árangur veiðiprófa í gagnagrunn félagsins. Á hverju sumri hefur Retrieverdeildin skilað gögnum um árangur Retrieverhunda í B veiðiprófum og þar daga

þau uppi í möppum engum til gagns. Gögnin eru á pappírformi, þar sem letrið máist út með árunum þannig að gera má ráð fyrir að þessi árangur hundanna í vinnu varðveitist hvergi Bókun formanns: Sjálfsgagt að taka til skoðunar og vísa málinu til framkvæmdastjóra til úrvinnslu.

- **Tillaga um að leita eftir afslætti fyrir flutning á hundum í innanlandsflugi**  
Stjórn Retrieverdeildar hefur borist erindi frá deildarmeðlimum þar sem þess er óskað að lagt verði til að stjórn HRFÍ leitist við að félagsmenn geti fengið afslátt á flutingi hunda hjá Flugfélagi Íslands gegn framvísun félagsskrteinis. Gott væri ef afslátturinn væri algildur fyrir félagsmenn sem þurfa að fara milli landshluta með hunda sína, en annars að binda það við viðburði félagsins. Þannig mætti mögulega auka þátttöku félagsmanna HRFÍ af landsbyggðinni á viðburði félagsins svo sem á sýningar.  
Vísað til framkvæmdarstjóra til úrvinnslu.

## 9. Erindi frá Retrieverdeild HRFÍ - dagskrá veiðiprófa Retrieverdeildar HRFÍ árið 2013. Samþykkt

## 10. Erindi frá Önnu Flygering í tölvupósti þann 14. janúar 2013.

- Ég óska eftir að tekið verði fyrir sem sérstakur dagskrárliður fundargerðir, hvernig viljum við að þær séu og birting tölvupósta í þeim. Það er áriðandi að komast að niðurstöðu um þetta, svo koma meg í veg fyrir uppákomur sem orðið hafa.

Bókun formanns, Jónu Th. Viðarsdóttur:

- *Það hlýtur að vera fundarritari, sem ber ábyrgð á ritun fundargerðar hvert sinn. Það er síðan fundarmanna að staðfesta að efni hennar sé rétt - en það er óþekkt að binda hendur fundarritara - enda hlýtur þar að vera fundinn aðili sem fundurinn treystir til verksins.*
- *Þá er ljóst að hver fundarmaður (stjórnarmeðlimur) má óska eftir því að bókað sé eftir honum um ákveðið efni, sem er til umfjöllunar. Ekki geta aðrir stjórnarmenn - né meirihluti stjórnarmanna haft áhrif á þann rétt. Ef stjórnarmaður vísar til tölvupósts í bókun sinni, er það alfarið hans, alveg eins og aðrir stjórnarmenn bera ábyrgð á hvað þeir skrifa í tölvupóstum til annarra stjórnarmanna.*
- *Vísun í uppákomur -félagsmenn eru væntanlega að bregðast við efni tölvupósta frá stjórnarmönnum, en ekki formi fundargerðar. Stjórnarmenn hljóta að standa við það, sem þeir rita í tölvupóstum.*

Málið var rætt og var stjórn sammála um að vanda gerð fundagerða.

- Ég vil einnig óska eftir að verði sérstakur liður á dagskránni vinnulag á skrifstofu og svör erinda. Delia hefur reyndar nefnt þetta áður en ekkert hefur komist í gang af þessu tagi. Ef svo er hefur stjórn ekki frétt af því. Þar þarf að koma upp ákveðnu skipulagi svo fólk fái að minnsta kosti svör um að erindið sé mótttekið, það er lágmarkskurteisi.
- Sjá neðangreint úr fundargerð frá 21. nóvember:

*Bókun Jónu Th. Viðarsdóttur formanns 21 nóvember:*

*Enn og aftur bendi ég á starfslýsingu í starfssamningi framkvæmdastjóra:*

*Annast daglegan rekstur HRFÍ þar með talið rekstur skrifstofu og starfsmannahald.*

*Hafi stjórnarmenn einhverjar athugasemdir við starfshætti skrifstofu þá er rétt að koma þeim athugasemdum á framfæri við framkvæmdastjóra. Þetta erindi á ekki heima á stjórnarfundi HRFÍ.*

*Samþykkt 21. nóvember að framkvæmdastjóri skoði ofangreindar tillögur og komi þeim í verkferla. Setja á vefsíðuna til upplýsinga. Taka fram að engum er leyfilegt að taka út vörur eða þjónustu í nafni félagsins.*

- Einnig vil ég fara fram á að vita um starfsmenn á skrifstofu, svo virðist sem Magnús S. Magnússon sé þar fastur starfsmaður nú orðið en ég stóð í þeirri meiningu að hann væri í sjálfboðaliðastarfi fyrir síðustu sýningu. Ég sé á heimasíðu að hann er með sér netfang sem starfsmaður. Þarf ekki stjórn að samþykkja í það minnsta að hann sé á launum ef svo er ?

Bókin formanns, Jónu Th. Viðarsdóttur:

Í ráðningarsamningi fyrri framkvæmdastjóra kemur fram að hann m.a. annist daglegan rekstur HRFÍ þar með talið rekstur skrifstofu og starfsmannahald. Valgerður, þáverandi framkvæmdastjóri, taldi ráðlegt fá fá inn tímabundið vanan aðila, sem kynni til verka til aðstoðar Klöru eftir að Valgerður sagði upp starfi sínu. Valgerður fékk Magnús Sævar til starfans, en hann hefur starfað áður í afleysingu á skrifstofu. Sagt var frá þessari ráðstöfun á stjórnarfundum þegar rætt var um uppsögn framkvæmdastjóra. Hvað veldur því að Anna stendur í þeirri meiningu að Magnús sinni þessari vinnu í sjálfböðavinnu er ef til að hún ruglar þessu við sjálfböðavinnu félagsmanna, sem koma inn hluta úr degi fyrir sýningar eða aðrar uppákomur. Núverandi framkvæmdastjóri metur það hvort þörf er á þessum starfskrafti. Það er gott að fá þessa fyrirspurn frá Önnu til að skýra málið enn frekar. Ég vil nota tækifærið og færa starfsfólki skrifstofu þakki fyrir vel unnin störf á skrifstofu þar sem oft er mikið annríki og álag.

#### **11. Erindi frá Deliu Howser í tölvupósti 14. janúar 2013.**

*Sæl ágæta stjórn*

*Nú liggur fyrir að gera fjárhagsáætlun fyrir árið 2013. Við þurfum að leggja þetta fyrir fulltrúaráðsfund samkvæmt 17.grein í VI.kafli laga HRFÍ og því ekki seinna vænna en að fara að bretta upp ermar og byrja.*

*Fyrir okkur sem eru ný í stjórn væri gagnlegt að hafa til hliðsjónar fyrri fjárhagsáætlanir en hér ætla ég að lista upp það sem ég tel að þurfi að koma fram:*

*Rekstur á skrifstofu, húsnæði, launakostnaður og fleira.*

*Kostnaður vegna sýninga.*

*Kostnaður vegna utanlandsferða.*

*Óska ég eftir að þetta verði sett á dagskrá á fyrsta fundi stjórnar á nýju ári og áætlaður góður tími í þá vinnu.*

*Með kveðju Delia*

Bókun formanns, Jónu Th. Viðarsdóttur:

Bókhald ársins 2012 er í lokafrágangi og verður komið í hendur endurskoðanda fyrir mánaðamótin eins og lög HRFÍ segja til um. Ég tel rétt að í framhaldinu fari formaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri í vinnu við fjárhagsáætlun, sem lögð verði fyrir stjórn til samþykktar og til kynningar á fulltrúaráðsfundi.

#### **12. Bréf frá Hjördísi Helgu Ágústsdóttur. Að auki nafnlaust bréf um sama málefni.**

Málinu frestað til næsta fundar.

#### **13. Tölvupóstur frá stjórn Schäferdeildar þann 16. janúar 2013.**

Stjórn Schäferdeildarinnar tók fyrir tvö bréf á stjórnarfundum þann 16. janúar sem deildinni bárust þann 15. og 16. janúar. Í ljósi þeirrar stöðu sem upp er komin vill stjórn Schäferdeildarinnar óska eftir fundi með stjórn HRFÍ.

Samþykkt að kalla stjórn Schäferdeildar á næsta stjórnarfund.

#### **14. Erindi frá Vinnuhundadeild – vinnupróf árið 2013.**

Stjórn getur ekki samþykkt umsókn um dagsett vinnupróf fyrr en fyrir liggur hverjir dæma prófin. Tillögu deildarinnar um að halda vinnupróf á sýningum félagsins er vísað til sýningastjórnar til umsagnar/ákvörðunar. Stjórn samþykkir beiðni deildarinnar um undanþágu fyrir því að flýta aðalfundi deildarinnar fram í janúar.

#### **15. Erindi frá Vinnuhundadeild – breytingar á reglum fyrir hlýðni I og II**

Stjórn telur eðlilegt að dómarrar þurfi að koma að breytingum á reglum.

#### **16. Starfsreglur ræktunardeilda**

Þann 9. janúar 2013 16:51 sendir Ólafur E. Jóhannsson, stjórnarmaður tölvupóst::

*Sæl öll.*

*Varðandi þetta álitafni finnst mér athugandi - þar sem reglurverk um ræktunardeildir er hvort eð er í endurskoðun sbr. samþykkt á síðasta stjórnarfundum - að skoða að breyta reglunum þannig að ræktunardeild sé heimilt að halda ársfund sinn á tímabilinu janúar til og með mars ár hvert. Í gildandi reglum segir að ársfund skuli halda í mars.*

Ég hygg að rökin fyrir þessu séu þau að ársfundi skuli vera búið að halda fyrir aðalfund HRFÍ og sé ársfundur haldinn í janúar næst það markmið auðvitað líka.

Ef það hentar einhverjum deildum betur að halda þennan fund í janúar eða febrúar, sé ég því ekkert til fyrirstöðu, ef það er þeim hagfelldara.

Ef önnur rök eru í málinu, væri ágætt að fá þau fram, þannig að hægt sé að velta vöngum yfir málinu fram að næsta stjórnarfundum sem halda á skv. áætlun 16. janúar nk.

Laganefnd HRFÍ á að koma saman í þessum mánuði til að afgreiða mál varðandi ræktunardeildir sem til hennar var vísað á síðasta stjórnarfundum. Ég skal senda meðnefndarmönnum mínum tölvupóst og óska eftir því að fundur verði haldinn fyrir næsta stjórnarfund HRFÍ til að ræða þetta mál jafnframt.

Með kveðju, Ólafur E. Jóhannsson

Bókun Jónu Th. Viðarsdóttur, formanns:

Í lögum HRFÍ kafla VII. Ræktunardeildir gr.22 kemur fram að ræktunardeildir skuli halda ársfundi sína í mars á hverju ári. Reglugerðir félagsins eru byggðar á lögum þess. Því verður þessari reglugerð ekki breytt.

#### **17. Kynningar- og fræðslufundur fyrir félagsmenn HRFÍ**

Fundur verður haldin 11. febrúar kl.20.00 í Gerðubergi svo fremi að aðilar frá MAST og þingmenn frumvarps um gæludýrafrumvarp (petpassa) geti mætt á fundinn.

#### **18. Ný hundagerði í Reykjavík.**

Hundaræktarfélagið fagnar því að Reykjavíkurborg hefur að ósk íbúa sett upp þrjú ný hundagerði í Reykjavík. Gerðin eru í neðra Breiðholti, í Laugardal og við Vatnsmýrarveg. Nánari upplýsingar er að finna á vef Reykjavíkurborgar.

#### **19. Augnskoðun í Reykjavík og á Akureyri**

Finn Boserup og Jens Knudsen frá Danmörku munu augnskoða hunda í Reykjavík og á Akureyri 15.- 16. mars. Tímápantanir í augnskoðun fara fram á skrifstofu HRFÍ.

#### **20. Alþjóðleg hundasýning HRFÍ**

verður haldin helgina 23. - 24. febrúar 2013. Skráningarfresti lýkur föstudaginn 25. janúar 2013. Dómarar að þessu sinni eru: Göran Bodegard (Svíþjóð), Niksa Lemo (Króatía), Ann Ingram (Írland), Nina Karlsdóttir (Svíþjóð), Hanne Iain Jensen (Danmörk), Ewa Nielsen (Svíþjóð) ofl. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu 23. janúar þá er búið að skrá um 350 hunda í dag.

#### **21. Beiðni um framlengingu á skráningarfresti fram yfir mánaðamót frá Sigríði Margréti Jónsdóttur.**

Bókun formanns, Jónu Th. Viðarsdóttur:

Eðli málsins samkvæmt á sýningastjórn ásamt framkvæmdastjóra skoði þetta mál. Þessum aðilum er fyllilegt treystandi til að taka bestu ákvörðun fyrir félagsmenn og félagið.

#### **22. Önnur mál**

- **NKU fundur í Stokkhólmi 6. febrúar.**
- **Fulltrúaráðsfundur í febrúar.**
- **Vikulegar smáauglýsingar í Fréttablaðið. Stjórn sammála að halda þeim áfram.**

#### **Fundi slitið kl.20.30**

Næsti stjórnarfundur verður 13. eða 20. febrúar

Sign: Anna María Flygenring, Björn Ólafsson, Delia K. Howser, Jóna Th. Viðarsdóttir, Guðmundur A Guðmundsson og Auður Sif Sigurgeirsdóttir.